



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

1. bekkur

Umsjónarkennar: Eydís Einarsdóttir og Thelma Baldursdóttir

Stuðningsfulltrúar: Kristín Gunnbjörnsdóttir og Guðný Tryggvadóttir

Íþróttir: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir

Sund: Einvarður Jóhannsson og Matthea Sigurðardóttir

Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Myndmennt: Bryndís Kondrup

Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Að byrja í grunnskóla	2
Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina	2
Námsmat	2
Foreldrasamstarf	3
Heimanám	3
Samstarf við leikskóla	3
Íslenska	4
Talað mál og hlustun	4
Lestur og bókmenntir	4
Ritun	5
Málfræði	5
Stærðfræði	6
Samfélagsfræði	8
Náttúrufræði	9
Kristinfræði	10
Enska	10
Lífsleikni	11
Upplýsingamennt	11
Tölvukennsla	12
Tónmennt	12
Handmennt	13
Myndmennt	13
Dans og tjáning	14
Íþróttir	14
Útiþróttir	15
Sund	16

Að byrja í grunnskóla

Að byrja í grunnskóla er stór áfangi í lífi hvers barns. Á fyrstu námsárunum er grunnur lagður að öllu síðara námi barnsins. Því er mikilvægt að barnið aðlagist nýju umhverfi og þeim mörgu þáttum sem tilheyra skólalífinu.

Mikilvægt er að nemandi

- finni að skólinn er öruggur samastaður í leik og starfi
- öðlist jákvætt viðhorf til skólans
- fái eftir sjálfstraust sitt, heilbrigðan metnað og jákvæða sjálfsmynd sína
- fái aukinn alhliða þroska sinn og hæfileika til að bregðast við nýjum aðstæðum
- beri virðingu fyrir öðrum og taki tillit til annarra
- fari eftir þeim starfsreglum sem fylgja skólalífinu
- geti tjáð reynslu sína í hópum og tekið þátt í umræðum
- vinni vel ýmist einn eða með öðrum
- geti hlustað og farið eftir fyrirbættum

Nemendur læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt umhverfi sínu gegnum leik og starf. Þeir vinna einir og/eða í hópum að ýmsum skapandi verkefnum, taka þátt í umræðum og leikjum sem efla samheldni, jákvæðni og samkennd innan hópsins. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám, sem þýðir að kappkostað er að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Ekki eru endilega allir að læra það sama á sama tíma. Nemendur geta verið að fást við ólík og/eða misþung viðfangsefni eða unnið hver á sínum hraða, einir sér eða í hópum. Lögð er áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi og á virka þátttöku þeirra. Nemendum er hrósað og hvatt til að gera ávallt sitt besta.

Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina

Ríkjandi kennsluhættir eru samvinna, samþætting og skapandi starf. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og nálganir við kennsluna til að auka á fjölbreytileika hennar og ná til ólíkra nemenda með ólíkar þarfir. Markmiðið er að hafa kennsluna áhugavekjandi, fræðandi og skemmtilega. Námsgreinar eru samþættaðar eins og frekast er unnt, sem þýðir að námsgreinum er blandað saman svo stundum er verið að vinna að mörgum markmiðum í ólíkum námsgreinum í einu. Í *Aðalnámskrá grunnskóla*, eru að finna námsmarkmið fyrir hverja grein. Við samþættingu námsgreina gefst tækifæri á að vinna með stutt þemaverkefni. Töluvert er af föndri í tengslum við hvert þema þar sem mikið er lagt upp úr sköpunarþörf og gleði nemenda. Unnið verður með samvinnu og hópavinnu. Markmiðið er að nemendur læri að vinna saman, skipuleggja sig og komast að sameiginlegum niðurstöðum.

Námsmat

Hugtakið námsmat felur í sér allar þær aðferðir sem notaðar eru til að safna upplýsingum um nám og framfarir nemenda. Það er einnig notað þegar ákveða á áframhaldandi framgang þeirra í námi. Skilgreining *Aðalnámskrár grunnskóla* á námsmati styður einstaklingsmiðaða kennsluhætti en þar segir að námsmat miði að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólalífsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur þess er því sá að



afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat sem hjálp við nám felur m.a. í sér hvatningu frá kennara og uppbyggingu sjálfstrausts en einnig að finna leiðir til úrbóta þegar vandamál steðja að í náminu. Námsmat fer fram jafnt og þétt á námstímanum og er ætlað að vera kennurum, nemendum og forráðamönnum leiðbeining í frekari skipulagningu náms.

Kennari metur og skráir hjá sér framvindu náms hvers og eins nemanda og kemur upplýsingum jafnóðum munnlega til nemenda.

Grundvallarþættir við námsmat eru námsárangur, leikni, framfarir, virkni í kennslustundum, hegðun, vinnubrögð og samskipti.

Lögð verður áhersla á að kynna fyrir þeim sjálfsmati þ.e. að þau fá að meta verkefni sem þau vinna og er stefnt að því að þau geri sjálfsmat í skólanum og svo einnig á Mentor þar sem foreldrar hjálpa til við matið.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er við upphaf skólagöngu að góð tengsl myndist milli heimili barns og skóla. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgist með námi barna sinna og að samskipti þeirra og kennara séu byggð á gagnkvæmu trausti og heiðarleika.

Kennarar heimsóttu börnin fyrst á leikskóla að vori og síðan viðtöl með nemendum og foreldrum í skólabyrjun. Foreldrar koma í viðtöl til umsjónarkennara í skóla. Haldinn er *fundur* með foreldrum þar sem m.a. foreldrasamstarf og mikilvægi þess er rætt. Byrjendalæsi verður einni kynnt fyrir foreldrum.

Umsjónarkennarar senda vikulega heim tölvupóst með ýmsum skilaboðum og hvernig gengið hefur í vikunni. Heimavinna verður skráð inn á Mentor. Árgangurinn á myndasíðu þar sem myndir af starfinu eru vistaðar.

Foreldrar eru hvattir til samskipta við kennara með margvíslegum hætti. Foreldrar eru boðaðir, ásamt barni sínu, í viðtöl til umsjónarkennara. Þeir geta einnig farið fram á viðtöl við kennara hvenær sem er skólaársins. Kennarar senda foreldrum tölvupóst.

Heimanám

Heimavinna kynnir og þjálfar námsþætti sem unnið er með í skóla og foreldrar sjá hvernig barninu fleygir fram. Tilgangur heimanámsins er að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og örvi áhuga þeirra. Þeir eru hvattir til að skapa næði heima fyrir, hrósa og vera jákvæðir og hvetjandi.

Kennarar leggja áherslu á að heimavinnu sé skilað á réttum tíma og að henni sé sinnt af alúð og kostgæfni. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara ef þeir telja heimavinnu of léttu eða þunga eða taka of langan tíma að þeirra mati.

Samstarf við leikskóla

Giljaskóli er í samstarfi við leikskólana Kiðagil og Tröllaborgir. Markmið samstarfs við leikskóla er að m.a. stuðla að jákvæðu viðhorfi og tilhlökkun elstu barna í leikskóla á því að byrja í grunnskóla. Auka öryggi þeirra og veita þeim innsýn í skólastarfið.

Skólastigin heimsækja hvort annað og leikskólabörnin kynnast skólaumhverfinu. Unnið verður sameiginlegt þemaverkefni.



Íslenska

Kennt er eftir aðferðinni Byrjendalæsi þar sem unnið er jöfnum höndum með hlustun, tal, lestur og ritun. Texti er lesinn fyrir nemendur og rætt um efni hans. Lykilorð er valið úr textanum en það er nýtt til að kenna nemendum bókstafi og hljóð þeirra og aðra tæknilega þætti varðandi lesturinn. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum til að örva nemendur til lestrar og ritunar.

Talað mál og hlustun

Markmið

Að nemandi

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu og eftirminnanlegum atburðum
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína t.d. fyrir bekkjarfélögum, kennurum og foreldrum
- endursegi og/eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- fái tækifæri til að taka þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- læri að tileinka sér þær reglur sem gilda í samræðum
- sé hvattur til að tala skýrt og áheyrulega og fái sérstaka þjálfun í framburði sé þess þörf
- fái tækifæri til að syngja valda barnasöngva
- geti fylgt fyrirmælum
- hlusti á upplestur, sögur og ljóð
- taki þátt í og horfi á atriði á sviði

Námsgögn og leiðir

Unnið er með talað mál og framsögn alla daga. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig og ýmist segja frá verkefnum sínum, upplifunum eða lesa upp sögur sínar. Unnið er með ljóð og þulur á ýmsan hátt og nemendur hlusta á upplestur kennara á meðan þeir borða nesti.

Unnið verður með *Markvissa málörvun*; hlustunarleikir notaðir til þjálfunar á athygli, einbeitingu og hljóðgreiningu, rím og rímleikir til að auka málskilning og orðaforða.

Lestur og bókmenntir

Markmið

Að nemandi

- vinni með eigin frásagnir, sögur og önnur fjölbreytt verkefni til að örva hann til lestrar
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka og texta í kennslustofu og á skólasafni
- kynnist skólasafni
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara



- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um lestrarfærni og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
- kynnist að hægt er að afla sér upplýsinga úr bókum og af neti
- kynnist hugtökunum vísa, þula og erindi
- kynnist völdum íslenskum þjóðsögum
- læri nokkrar einfaldar þulur, vísur og ljóð til söngs

Námsgögn og leiðir

Kennari les fjölbreytt efni fyrir nemendur. Þeir hlusta einnig á sögur, ævintýri og ljóð af snældum/geisladiskum. Nemendur skoða og lesa bækur í frjálsum lestri og fara í heimsóknir á bókasafnið. Þeir sem eru lengra komnir í lestrinum fara á bókasafn og velja sér bækur.

Ritun

Markmið

Að nemandi

- þekki skrifaráttina
- þjálfist í fínhyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að draga til stafs og skrifa skýrt og læsilega
- fái margs konar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfur eða með aðstoð
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- kynnist hugtökunum upphaf/inngangur, miðja/meginmál og endir/niðurlag
- fái tækifæri til að skrifa einfaldan texta á tölvu og fái leiðsögn um rétta fingrasetningu

Námsgögn og leiðir

Mikil áhersla er lögð á lestur og vinnu tengda honum þar sem nauðsynlegt er að byggja góðan grunn. Nemendur skrifa sögur og fræðitexta sem ritað er eftir getu hvers og eins.

Þegar unnt er að koma vettvangsferðum við eru þær notaðar sem kveikjur að ritun og sögugerð.

Málfræði

Markmið

Að nemandi

- öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt
- læri helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð og málsgrein í tengslum við lestrarnám
- þjálfist í að ríma

Námsgögn og leiðir

Nemendum kynnt ýmis hugtök í tengslum við lestrarnámið s.s. bókstafur, hljóð, orð og setning. Reglan um stóran og lítinn staf er lögð inn hjá þeim nemendum sem komnir eru á það stig í ritun. Nemendur ríma og vinna önnur munnleg verkefni sem styrkja þá í móðurmálinu og notkun þess.



Námsmat

Allir ofantaldir þættir íslenskunnar verða skoðaðir og kenndir sem ein heild. Samþætting verður því mikil og áhersla lögð á stöðu hvers og eins.

Nemendur fara í stafakannanir eða aðrar lestrarkannanir. Þeir sem það geta taka hraðapróf þar sem fjöldi atkvæða á mínútu er mældur. Skimunarprófin Læsi 1, 2 og 3 sem gefin eru út af Menntamálaráðuneyti eru lögð fyrir nemendur. Niðurstöður þessara prófa geta bent til lestrarörðugleika og þá er unnt að grípa til viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerða og þær veita einnig upplýsingar um stöðu nemenda sem auðveldar skipulagningu á lestrarkennslunni. Lesskilningur er kannaður hjá þeim sem farnir eru að lesa innihaldsríkan texta. Nemendur fá umsögn í lok skólaárs.

Stærðfræði

Markmið

Að nemandi

- skrái upplýsingar um sjálfan sig þar sem háar tölur koma fyrir
- safni gögnum í tengslum við kannanir í náttúru- og samfélagsfræði og skrái í töflur og súlurit
- leysi viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni
- noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna þar sem háar tölur koma fyrir, s.s. smáhluti, kubba, talnagrindur og skýringarmyndir
- skýri lausnarleiðir sínar fyrir öðrum með því að segja frá, gera sér líkan eða skýringarmynd og nota tákniál stærðfræðinnar
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum
- búi til eigin þrautir með verkefnum sem tengjast skólastarfinu eða viðfangsefnum daglegs lífs
- leysi þrautir þar sem raða þarf saman hlutum eða flatarmyndum
- meti hvort fullyrðingar sem settar eru fram eru sannar
- flokki rökkubba eða safn smáhluta eftir eiginleikum og rökstyðji flokkun sína
- leiki leiki, t.d. með rökkubba, þar sem finna þarf reglu eða leysa þrautir
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- leysi verkefni sem varða daglegt líf hans
- skoði form í nánasta umhverfi sínu og greini hvernig ólík form eru notuð í mismunandi tilgangi
- geri tilraunir með skálavog. Hvaða hlutir eru þungir/léttir?
- mæli með óstöðluðum einingum og beri saman við mælingar með stöðluðum einingum
- ræði um tímatal, t.d. tímaröð atburða, tímalengd milli atburða og dagatal
- vinni með klukku, læri að lesa af henni hvað tímanum líður og lesa stundatöflu
- pari saman hluti úr umhverfinu, flokki hluti í hópa og beri saman fjölda í hópunum
- telji hluti eða fólk, t.d. í kennslustofunni
- skoði tölur á talnalínu
- leiki frjálst með vasareikna til að skoða hvernig hægt er að kalla fram tölur á marga vegu
- vinni með talnaþulur, fingravísur og talnarunur eins og 2, 4, 6 ..., 5, 10, 15 ... eða 10, 20, 30 ...
- noti áþreifanlega hluti, t.d. einfestukubba, til að sýna háar tölur
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn



- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn
- noti vasareikni til að skoða tengsl samlagningar og margföldunar með því að setja inn fastastærð í samlagningu
- skipti safni þar sem afgangur verður og ræði um leiðir til að skipta afgangnum þannig að hann gangi upp
- kynnist víxlreglu í samlagningu, t.d. með kubba-lengju
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- leiti að mynstrum í umhverfinu, s.s. símynstri sem endurtekningu í tíma (t.d. hljómfalli) eða rúmi
- tákni gefið mynstur með mismunandi gögnum, t.d. kubbum, litum, orðum, hljóðum eða teikningum
- myndi talnarunur á vasareikni
- þjálfist í ýmiss konar byggingarleikjum
- skoði þrívíða hluti, t.d. umbúðir, lýsi þeim, beri þá saman og flokki eftir eiginleikum, t.d. lögun, stærð eða lit
- leiti að ákveðnum formum í umhverfi sínu, beri saman og flokki eftir eiginleikum
- raði hlutum eftir lengd, þykkt, breidd, þyngd og rúmtaki
- mæli lengd hluta í umhverfinu með óstöðluðum einingum og beri saman niðurstöður sínar og annarra
- ræði hvernig finna megir hvort hlutur er stærri eða þyngri en annar og hvaða ílát rúmar mestan vökva
- fari í leiki þar sem notuð eru hugtök sem tengjast staðsetningu, s.s. fyrir framan, aftan, ofan, neðan, til hliðar, nálægt, norður, suður
- beri saman flatarmyndir, s.s. þríhyrninga, ferhyrninga eða hringi, og velti fyrir sér eðli þeirra, t.d. hvort þær geta þakið flöt
- teikni, máli eða klippi út samhverfar myndir
- noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit
- taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem súluritin gefa. Af hverju er mest? Af hverju er minnst? Hverju munar? Hve mikið samtals?
- skoði hluti í nánasta umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum
- ræði um hvort eitthvað er líklegt eða ólíklegt, hvort eitthvað gerist reglulega, stundum eða aldrei.

Námsgögn og leiðir

Lögð er áhersla á að nemendur venjist því að draga ályktanir, finna kerfi, sjá samhengi og leita eigin leiða að lausn verkefna. Þá verður lögð áhersla á að nemendur noti hjálpargögn og venjist umræðum um stærðfræði þannig að þeir geti útskýrt eigin niðurstöður og leiðir að þeim. Unnið með tölurnar frá 0-100, röðun þeirra og gildi. Nemendur kynnast samlagningu og frádrætti.

Nemendur leysa þrautir og dæmi ýmist í para-, hópavinnu eða einir. Þeir skoða nánasta umhverfi sitt og vinna með það á hlutbundinn hátt. Ýmsir námsleikir og spil eru notuð. Vinnustundir í *Numicon* (stærðfræðikubbar) verða notaðir sem ýtarefni og við verklega vinnu.

Stærðfræðibækurnar *Sproti 1* (æfingabók og nemendabók) ásamt *Eining 1* og *2* sem lagðar eru grundvallar. Nemendur fá *Viltu Reyna* bækur eins margar og hver ræður við. Kennarar útbúa stærðfræðibækur til frekari þjálfunar á þeim námsþáttum sem kenndir eru. Bækurnar miðast við getu og skilning hvers og eins. Unnið er með stærðfræðina á hlutbundinn hátt og stærðfræðin samþætt við aðrar námsgreinar. Nemendur hafa aðgang að ýmsum hjálpargögnum eins og einingakubbum, rökkubbum, talnagrindum, málböndum, smádóti, spilum og fleiru.



Námsmat

Talnaskilningur er kannaður hjá nemendum. Þekking á tölutáknum er skoðuð. Margvíslegar kannanir eru lagðar fyrir nemendur. Nemendur fá umsögn í lok skólaárs.

Samfélagsfræði

Markmið

Að nemandi

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum alveg eins og í umferðinni og í samskiptum fólks
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð
- læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- kynnist nokkrum íslenskum þjóðsögum
- greini samspil manns og náttúru með tilliti til búsetu, atvinnu fólks og myndunar þéttbýlis
- kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- læri um ólíka siði og venjur í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af siðum í framandi landi
- greini upphaf, miðju og endi í frásögn og geti raðað atburðum í tímaröð, t.d. með hjálp spila og leikja
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- læri að nota dagatal
- verði handgenginn algengum tímahugtökum eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð
- átti sig á muninum á sannri sögu og skáldsögu, t.d. með því að bera eigin reynslu saman við skáldsögu eða ævintýri
- kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli og/eða myndum í sögubók
- fái að upplifa söguna í gegnum áþreifanlega hluti, svo sem byggingar, minnismerki, sögustaði í náttúrunni og gamla muni
- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti af henni
- fái þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyranda hljóði og hlusta á aðra
- túlki atburði t.d. í leik, myndsköpun, tali, texta, söng og/eða leikrænni tjáningu fyrir bekkjarfélaga og e.t.v. foreldra

Námsgögn og leiðir

Nemendur eru þjálfðir í að segja frá, hlusta, spyrja, skoða myndir og tjá sig í máli, myndum og leik. Ýmis verkefni út frá markmiðum eru unnin í þeim og m.a. verður stuðst við námsefnið *Komdu og skoðaðu* og *Um mig og þig*. Einnig verða fræðibækur skoðaðar. Lögð verður rík áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar og samvinnu nemenda.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.



Náttúrufræði

Markmið

Úr eðlisvísindum

Að nemandi

- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost
- fylgist með breytingum á eiginleikum vatns og velti fyrir sér orsökum, s.s. þegar pollar frjósa og snjór bráðnar
- geri athuganir sem sýna rúmmál lofta, t.d. með því að setja krukkur á hvolf ofan í vatn, vinna með úppblásnar og uppblásnar blöðrur á vogarstöng
- skoði steina og flokki þá eftir ólíkum eðliseiginleikum, s.s. stærð, lögun, þyngd og áferð
- fylgist með hlutum í daglegu umhverfi sem hreyfast hratt eða hægt
- ræði um af hverju hlutir fara af stað, stöðvast og breyta um stefnu
- geri athuganir með skugga, s.s. teikni útlínur af skugga, búi til skuggamyndir
- kanni hvort mismunandi hlutir festast við segul

Úr jarðvísindum

Að nemandi

ræði um áhrif sólarljóssins á nánasta umhverfi. hitastig lofta og vatns, hitastig í skugga og í sólarljósi og á líkamann

skoði tungl og stjörnur með berum augum og í gegnum sjónauka

ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns, áhrifa mannsins og áhrifa náttúruhamfara

skoði og fjalli um fjölbreytileika steinaríkisins

skoði og fjalli um strandlengju m.a. með tilliti til munar á flóði og fjöru og fjölbreytileika

búi til líkan/mynd af strönd

skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi og heimabyggð fjalli um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum, veðurkortum og veðurspám sem birtast í sjónvarpi, blöðum og á veraldarvefnum

ræði um ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni, s.s. jökla, ár og læki, rigningu og snjókomu

geri sér grein fyrir fjölbreytni í nýtingu vatnsins á heimili og í umhverfinu, s.s. drykkjarvatn, sundlaugar, gosbrunnar og vökvun

- Úr lífvísindum

Að nemandi

- þjálfist í að flokka lífverur eftir ytri einkennum og skyldleika
- þekki helstu lífverur í næsta nágrenni eða heimabyggð
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- þekki nokkur séreinkenni dýra og plantna út frá athugun og samanburði
- útbúi einfalt ættartré sem sýnir skyldleika fjölskyldu
- þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta
- ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar
- ræði hvað verður um matinn sem við borðum.



Námsgögn og leiðir

Náttúrufræðikennslu er ætlað að vekja forvitni og kveikja spurningar hjá nemendum. Byggt er á upplifun, leik, leit, og umræðum. Farið er í vettvangsathuganir og ferðir. Ýmislegt efni verður haft til hliðsjónar eins og fræðibækur og myndbönd og námsbækurnar *Komdu og skoðaðu*. Mikið er um samþættingu við aðrar greinar og ýmsit unnið með stutt verkefni eða stutt þemaverkefni.

Námsmat: Sjá kafla um námsmat.

Kristinfræði

Markmið

Að nemandi

- kynnist kristinni sköpunartrú og skoði sjálfan sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar
- kynnist frásögunum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- kynnist sögunum af bernsku Jesú og heyri um daglegt líf og aðstæður á hans dögum
- kynnist afstöðu Jesú til barna, m.a. með frásögunni Jesús blessar börnin
- fái tækifæri til leikrænnar tjáningar á atburðum úr biblúsögunum
- heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni
- þekki tilefni páskanna
- geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekka Faðir vor, kvöld- og morgunbænir og borðbænir
- fái st við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn.

Námsgögn og leiðir

Undrið, efni á myndspjöldum þar sem fjallað er um siðfræði og mannleg samskipti út frá reynsluheimi nemenda, sköpunarsöguna, adventuna og jólin, atburði dymbilviku, páska og líf og starf Jesú. Nemendur vinna í máli og myndum.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Enska

Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins.

Námsgögn og leiðir

Kennsluhættir eru í þróun og lítil áhersla verður á Ensku fyrir áramót. Nemendur syngja og æfa sig í að segja einföld orð og setningar. Þeir læra að heilsa, kynna sig og kveðja. Kenndir verða tölustafir, litir, mánuðir, vikudagar, nöfn ávaxta og líkamshluta. Kennslulotur eru mjög stuttar og áhersla á munnlegar æfingar.



Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Lífsleikni

Markmið

Að nemandi

- læri félagslega hegðun og að sýna öðrum tillitssemi
- efli félagsfærni og tilfinningaþroska
- læri að þekkja tilfinningar sínar og annarra og setja sig í annarra spor
- viðurkenni tilfinningar annarra
- æfi og styrki æskilega hegðun

Námsgögn og leiðir.

Uppbyggingarstefnan er höfð að leiðarljósi. Markmiðið er að byggja upp góðan bekkjaranda hafa skýr mörk og semja bekkjarreglur og bekkjarsáttmála. Skólareglur eru kynntar nemendum og hlutverkaskipti rædd. Að auki eru grunnþarfir kynntar. Námsefnið *að vaxa úr grasi* er notað og það tvinnuð við verkefni tengd uppbyggingarstefnu. Lífsleikni er snar þáttur í öllu starfi nemenda og liður í því að þeir læri á skólann með öllum þeim reglum sem þar gilda og að umgangast aðra af kurteisi og með virðingu. Umfjöllunarefni eru fjölbreytt hvort heldur sem þau eru fyrirfram ákveðin eða tengd líðandi stund.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Upplýsingamennt

Markmið

- nemandi komi reglulega á skólasafnið og viti hvar það er í skólanum
- kynnist mismunandi gerðum bóka og gagna
- læri meðferð bóka (og annarra gagna)
- geti fundið bækur (og önnur göng) sem ætluð eru yngstu notendum skólasafnsins
- fái lánaðar bækur og kynnist útlánskerfi safnsins
- hlýði á frásagnir/upplestur af ýmsu tagi og taki þátt í umræðum um efnið
- geti hlustað, einbeitt sér og rakið efni sögu í stórum dráttum

Námsgögn og leiðir

Nemendur læra umgengni á bókasafni skólans (söfnum almennt) og meðferð bóka, m.a. með því að búa sjálf til sögur um börn og bækur. Nemendur fá eina kennslustund aðra hverja viku í u.þ.b. eina önn. Út frá sögum (líka eigin sögum) skapa börnin myndverk af ýmsu tagi, saman eða einstaklingsbundið. Áhersla verður lögð á að lesa og kynna börnum mismunandi bækur og ræða um þær.



Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Tölvukennsla

Markmið

Að nemandi

- komi reglulega í tölvustofu og tölvuver skólans og noti þar tölvur og önnur jaðartæki sem við þær eru tengd
- temji sér ákveðnar umgengisreglur í tölvustofum og tölvuverum
- geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru
- geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum
- geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu
- hafi lært staðsetningu stafa og talna á lyklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði
- geti notað kennsluforrit sem hæfa þessum aldurshópi

Námsgögn og leiðir

Nemendur heimsækja tölvuver skólans reglulega á vorönn. Læra að kveikja og slökkva, ná í forrit, stjórna músinni og kynnast ýmsum kennsluforritum.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Tónmennt

Markmið

- Að nemandi
- syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- flytji einfalt tón- og hrynmunstur eftir heyrn
- leiki á einfalt skóla- og heimatilbúið hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- þjálfist í að kanna hljóðheiminn, rannsaka, flokka, velja og hafa stjórn á hljóðum frá mismunandi hljóðgjöfum
- þjálfir taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu
- vinni markvisst með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt
- hlusti á og sýni viðbrögð (t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu) við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnispátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms
- geti hlustað á, greint á milli og talað um mismunandi hljóð út frá frumþáttum tónlistarinnar

Námsgögn og leiðir



Nemendur iðka tónlist með söng, hljóðfærslætti, hlustun og hreyfileikjum. Notað er námsefnið Það var lagið! ásamt Karnival dýranna, Maximús Músíkús auk ýmissa söngleikja sem valdir eru hverju sinni. Einnig horfum við á amk einn söngleik yfir veturinn.

Blokkflautukennsla er í minni hópum. Þar er lögð áhersla á jákvæða og örvandi upplifun á tónlist þannig að nemendur séu hæfari til þess að mynda sér skoðun um frekara hljóðfæranám síðar. Námsefnið heitir Flautað til leiks 1. Einnig er notað samþætt forskólaefni þar sem solfakerfið (do, re, mi) er kynnt og samþætt við náttúrufræði, myndlist og ritun.

Námsmat

Umsögn við annaskil. Formlegt námsmat að vori.

Handmennt

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að nota flatt form
- þjálfist í að teikna/mála/lita í tengslum við textílverkefni
- þræði grófa nál
- saumi þræðispor
- þjálfist í auðveldum vefnaði
- vinni með ull og t.d. strigaefni og þekki uppruna þeirra
- geri sér grein fyrir notagildi vefjarefna og viti hvað skilur þau frá öðrum efnum
- fái innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt
- fjalli um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, starfa og tilefna
- taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett

Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna með ólíkan efnivið, mismunandi tegundir lita og kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum.

Námsmat:

Sjá kafla um námsmat.

Myndmennt

Markmið

Að nemandi

- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni, verkfæri og tækni
- þekki hugtakið grunnform og geti beitt þeim í myndgerð
- þekki muninn á grunnformum og náttúrulegum formum
- þekki frumlitina og geri einfaldar litablöndur



- þekki mismunandi myndgerðir m.t.t. tækni, t.d. málverk, teikningu, þrykk, ljósmynd, stytta o.s.frv. í tengslum við það verkefni sem unnið er hverju sinni
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- þekki mismunandi myndir í umhverfi sínu, hlutverk þeirra og gerð; sem dæmi um þetta má nefna myndir til að fegra umhverfið, myndir til að varðveita augnablik, skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.s.frv.
- fjalli um hvaða gildi myndverk getur haft fyrir hvern og einn
- lýsi myndverki og skoðun sinni á því.

Námsgögn og leiðir

Nemendur læra að tjá hugsun sína í mynd. Unnar eru myndir sem tengjast viðfangsefnum og þeim hverju sinni. Þeir læra að þekkja grunnform og náttúruleg form, hvar þau finnast í umhverfi okkar og hvernig þau eru notuð. Nemendur vinna með mismunandi tegundir lita. Lögð verður rík áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar og samvinnu nemenda.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Dans og tjáning

Markmið

Að nemandi

- verði meðvitaður um stöðu og þyngdarpunkt líkamans
- öðlist tilfinningu fyrir ýmsum líkamshlutum í gegnum leikrænar upphitunaræfingar, teygjur, hlaup, jafnvægisæfingar (sitja á gólfi, strekkja fætur, teygja á baki og lærum, hlaupa, standa saman með fætur, beygja hné og strekkja upp á hálfhá, teygja handleggji upp, halda jafnvægi)
- taki þátt í hreyfileikjum (gangi í röð, í hringi, læri hoppspor)
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tál, fram og aftur
- hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð, hæg spor, skilgreini mismunandi dansstöðu/hald
- spinni í dansi, tjái í hreyfingu tilfinningar, hugsun og/eða ýmislegt tengt umhverfinu, gefi ímyndunaraflinu lausan tauminn, noti þann orðaforða sem hann hefur á valdi sínu

Námsgögn og leiðir

Nemendur fara í ýmsa hreyfileiki með söngvum.

Námsmat

Sjá kafla um námsmat.

Íþróttir

Markmið

Að nemandi



- leysi af hendi verkefni sem þroska jafnvægisþyngun, sjónsþyngun, heyrnarsþyngun, snertisþyngun, vöðva- og liðamótasþyngun
- taki þátt í æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra
- þjálfist í grunnhreyfingum
- þjálfist í æfingum með ýmis áhöld eins og gjarðir, sippubönd, bolta, bekki og baunapoka
- taki staðlað hreyfiþroskaþróf, s.s. MOT 4-6¹
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf
- taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamspól, hraða, viðbragð og kraft
- iðki íþróttir og leiki á skólalóð
- fari í gönguferðir og stundi útivist á öllum tímum skólaársins
- þjálfist í æfingum sem efla, liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu
- taki þátt í skapandi hreyfingu og leikrænni tjáningu með eða án tónlistar
- læri einfalda barnadansa
- upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum
- tileinki sér helstu samskiptaþreglur sem í gildi eru
- tileinki sér samskiptaþreglur eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við
- fái leikræn verkefni sem krefjast samskipta, s.s. að taka tillit til annarra og vinna í fámennum hópum
- fái tækifæri til að ræða um og leika samskiptaform eins og stríðni og einelti
- þjálfist í ýmsum leikjum, æfingum og dansi sem krefst samvinnu og snertingar
- taki þátt í umræðu um umhirðu líkamans og tileinki sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu, að ganga í hreinum og snyrtilegum klæðnaði og bað- og umgengnisþreglur
- taki þátt í a.m.k. tveimur gömlum íslenskum leikjum
- læri að umgangast áhöld og tæki á öruggan hátt
- læri helstu líkamsþreglur eins og höfuð, bolur, brjóst, bak, fótleggir og armar
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri — færri, lengri — styttri, hægri — vinstri og undir — yfir
- læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur
- læri að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara eins og flautuhljóði og klappi
- læri og tileinki sér helstu umgengnisþreglur í íþróttamannvirkjum eins og að ganga frá fötum og handklæði, þvo sér og þurrka sér
- þjálfist í réttri líkamsþregingu og hléæfingum við tölvunotkun og setu við skólaborð.

Námsgögn og leiðir

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttþaxur og stuttermabolur (ekki skór). Leikir og leikrænar æfingar sem reyna á mismunandi skynfæri og samspil þeirra. Í leikjum fá nemendur útrás fyrir hreyfiþörf sína og sköpunargleði og efla félagsþroska. Leikfimiæfingar sem þroska markvisst einstaka hreyfieiginleika og stuðla að góðri líkamsþregingu. Fimleikaæfingar þar sem nemendur efla kraft, fimi og liðleika, auk þess að bæta hreyfiþreglur, líkamsreisn og áræðni. Dans- og söngvaleikir sem höfða til hugmyndaauðgi og sköpunarhæfileika. Nemendur prófa hinar ýmsu greinar frjálstra íþróttanna sem reyna alhliða á líkamann og auka afkastagetu hans og styrk.

Útiþróttir

¹ MOT 4-6: Hreyfiþroskaþróf eftir Zimmer og Volkamer frá árinu 1984. Þróf sem nýta má til að mæla hreyfiþroska barna á aldrinum 4-6 ára.



Leitast er við að allar bekkjardeildir sæki íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til útiþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. *MOT* hreyfiproskapróf lagt fyrir sem og aðrar kannanir sem verða hafðar til hliðsjónar við lokamat.

Á haustönn gerðar athugasemdir og á vorönn formlegt námsmat.

Sund

Markmið

Að nemandi

- leysi af hendi einfaldar æfingar og leiki sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn, vöðva- og liðamótaskyn, samspil skynfæra,
- þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og að, hlaupa, ganga, hoppa, stökkva, fljóta, busla, blása kasta, grípa, snerta,
- nái tókum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra, s.s. öndunaræfingum, inn- og útöndun 10 sinnum, flotæfingum á bringu og baki, með eða án hjálpartækja, bringusundsfótatökum við bakka, með eða án hjálpartækja, skriðsundsfótatökum við bakka, með eða án hjálpartækja, göngu með andlit í kafi, s.s. 2-2,5 m og lengra
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra, s.s. kafeikjum, boltaleikjum, eltingaleikjum
- þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld, s.s. gjarðir, flár, dýnur, borðtenniskúllur, bolta
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, boðhlaups- eða boðsundsleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, boðhlaupsleikjum, boltaleikjum
- þjálfist í æfingum í leik sem efla þrek og aðlögun að vatni, s.s. að hlaupa á ýmsan hátt í vatni, að hoppa á fjölbreyttan hátt í vatni, að ýta eða toga féлага í hjólaslöngu
- læri dans- og söngvaleiki sem hægt er að nota í vatni
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni
- kynnist og tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru
- kynnist og tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða, bregðast við
- upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni
- fái í leik verkefni sem krefjast félagslegra samskipta, s.s. að taka tillit til annarra, aðstoða aðra og hvetja aðra til dáða
- taki þátt í ýmsum snertileikjum
- öðlist öryggisfinningu í vatni
- taki þátt í umræðu um umhirðu líkamans og tileinki sér hreinlæti fyrir og eftir sundkennslu, bað- og umgengisreglur
- kynnist helstu hugtökum sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri — færri, lengri — styttri, hægri — vinstri, undir — yfir
- læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring, hóp



- læri að bregðast við flautuhljóði eða rödd kennara
- læri að klæða sig úr og í fót sín og ganga frá þeim eins og reglur segja til um
- læri að þvo sér og þurrka
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýlur, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi. Aðlögun, leikir, köfun og flot. Staðið í botni laugar og andað að sér, andlit fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum. Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja. Ganga með andlit í kafi, 2,5 metra eða lengra. Bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.

Námsmat

Sundstigspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.